Reglugerð um heiðursfélaga Verkalýðsfélags Akraness

Með útnefningu heiðursfélaga í Verkalýðsfélagi Akraness er þakkað fyrir góð og mikilsverð störf í þágu félagsins.

Heiðursfélagi er útnefndur af aðalstjórn Verkalýðsfélags Akraness á grundvelli eftirfarandi viðmiða

1. Viðkomandi hafi starfað eða gegnt trúnaðarstöfum fyrir félagið um töluvert skeið, að lágmarki tíu ár.
2. Viðkomandi hafi náð 67 ár aldri og er hættur störfum.

Heiðursfélagi er kynntur á aðalfundi félagsins samkvæmt ákvörðun aðalstjórnar.

Heiðursfélagi nýtur fullra réttinda hjá Verkalýðsfélagi Akraness, líkt og um fullgildan félagsmann er að ræða.

5. júní 2023